

Reglur Eyja- og Miklaholtshrepps varðandi skólavist utan gildandi þjónustusamnings.

Í gildi eru þjónustusamningur á milli Eyja- og Miklaholtshrepps og Sveitarfélagsins Stykkishólms er koma að grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Samningar þessir voru undirritaðir 10. maí 2023.

1. Gr.

Nemendur með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi skulu að jafnaði stunda nám í Grunnskólanum í Stykkishólmi.

2. Gr.

Óski forráðamaður nemenda eftir því að nemandi fái að stunda nám annarsstaðar skal senda inn umsókn þess efnis á skrifstofu sveitarstjórnar fyrir 15. júní.

Oddviti afgreiðir umsóknir sem að falla undir þær reglur sem að hér eru settar en sé um afbrigði að ræða tekur sveitarstjórn umsóknina til afgreiðslu. Sé umsókninni synjað af sveitarstjórn skal henni svarað sem fyrst með rökstuðningi. Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu sveitarstjórnar skulu forráðamenn senda afgreiðsluna ásamt umsókn um skólavist til þess sveitarfélags þar sem að óskað er eftir að nemandinn stundi nám.

Framangreindar dagsetningar eru meginregla þegar vitað er með löngum fyrirvara um óskir um skólavist utan þess sveitarfélags sem að Eyja- og Miklaholtshreppur hefur gert þjónustusamning við. Séu aðstæður þannig að ekki er unnt að virða framangreindar dagsetningar skal afgreiðslu hraðað sem kostur er.

3. Gr.

Sé námsvist heimiluð greiðir Eyja- og Miklaholtshreppur viðtökusveitarfélaginu skólakostnað að sambærilegri upphæð og greitt er til þess sveitarfélags sem að Eyja- og Miklaholtshreppur hefur gert þjónustusamning við (10. maí 2023). Upphæðin á hvern nemenda getur aldrei orðið hærri en gildandi þjónustusamningur segir til um.

4. Gr.

Forráðamenn sjái ávallt um allan flutning/akstur nemendans til og frá skóla sem að viðkomandi sækir og þann kostnað sem af því leiðir.

5. Gr.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Reglur þessar eru samþykktar af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þann 18. júlí 2023.